

Stjórnarfundur – Fundargerð

Dagsetning: 2. janúar, 2011

Staðsetning: Amokka, Rvk

Viðstödd: Rakel Sigurðardóttir, Steinn Arnar Jónsson, Dísá Anderiman.

Ýmsir punktar frá fundi

- Það þarf að uppfæra Google Docs skjalið (félagaskrá) og hugsanlega bæta við fjárhagsupplýsingum.
 - Linkur á skjalið er <https://spreadsheets.google.com/ccc?key=0Ar4YyYb5luWTdDFuRHNPM3pEZERZUy02c2EtME9nRGc&hl=en&pli=1#gid=0>
- Ræddum ýmsar hugmyndir varðandi útbreiðslu Agile boðskapsins
 - Hugmyndir ræddar varðandi hvort Agile netið eigi að bjóða upp á almenna fyrirlestra. Hugsanlega sömu fyrirlestra og haldnir hafa verið í vísindaferðum.
 - Hugmyndir ræddar um hugsanleg “þemakvöld” þar sem áhugasamir gætu rætt um ákveðin Agile topic (kanban, scrum, innovation games). Gæti líka verið í formi morgunverðarfundar, hádegisfundar eða pöbbakvölds.
- Ýmsar ákvarðanir teknar/hlutir sem þarf að framkvæma:
 - Samstarf Agile netsins og Agile hópsins
 - Ákvörðun: Stefnun á að Rakel, Dísá, Daði og Pétur hittist miðvikudaginn 9. feb, frá kl. 12-13.30, á hádegisfundi og ræði um þessi mál.
 - Ræddum um að fá Daða í að fá eftirmann sinn til að taka við Agile hópnum. Einhvern ungan aðilla með brennandi áhuga á Agile málum (og tíma til að vinna í þessum málum).
 - Ef niðurstaða fundarsins verður að halda áfram með Agile hópinn viljum við athuga að endurskýra þessi tvö félög í eitthvað á borð við: Agile fyrirtækjanetið og Agile grasrótarhópinn? Núverandi nöfn eru ruglandi.
 - Þarf að ákveða félagsgjöld fyrir 2011
 - Byggir á ákvörðun um samstarf Agile netsins og Agile hópsins. Getum ekki ákveðið fyrir en búið er að ákveða framtíð þessara tveggja hópa.
 - Núverandi félagsgjöld eru 28 þúsund á ári (10 þúsund fyrir sprotafyrirtæki).
 - Hvar og hvenær aðalfundur verður haldinn
 - Ákvörðun: Stefnun að miðvikudegi 16. Mars, 2011, frá kl. 16 til 18 í húsnæði CCP.
 - Ákvörðun: Dísá ætlar að sjá um að bóka fundinn.
 - Þarf að setja saman og fara yfir bókhaldið fyrir 2010
 - Ákvörðun: Dísá ætlar sjá um að taka það saman og setja í Google Docs. Svo munu Rakel og Steinn fara yfir skjalið.
 - Ákvörðun: Dísá ætlar einnig að fara yfir hvaða gjöld við höfum verið að greiða fyrir hýsingu (bæði fyrir Agile netið og Agile hópinn) og passa að við séum ekki að greiða fyrir eitthvað sem við erum ekki að nota.

- Ákvörðun: Dísar ætlar að athuga kostnað við að setja fram löglega ársreikninga. T.d. þurfum við endurskoðanda?
- Það þarf að hafa samband við Calidris og tékka af hverju engin frá þeim hefur mætt á fundi. Erum við ekki örugglega með réttan contact aðilla?
 - Ákvörðun: Steinn ætlar að hafa samband við Jón Árna. (Gulli hjá Sprett er einnig að vinna fyrir þá)
- Einnig hafa samband við Mentor. Þeir höfðu samband og lýstu yfir áhuga en hafa ekki svarað eftir að Dísar svaraði á þá.
 - Ákvörðun: Steinn ætlar að hafa samband við þá.
- Önnur fyrirtæki sem hafa sýnt áhuga eru Arion banki og Skýrr.
 - Ákvörðun: Dísar ætlar að hafa samband við þessi fyrirtæki.
- Hafa samband við Sjóvá til að plana næstu vísindaferð.
 - Ákvörðun: Rákel ætlar að sjá um þetta.
- Stjórnin þarf að hittast aftur fyrir aðalfundinn til að skipuleggja fundinn og senda upplýsingar á meðlimi.
 - Ákvörðun: Tökum fund eftir fund um Agile hópinn. Væntanlega í lok feb.